

Á árinu 2020 eru eftirfarandi umhverfisverkefni áætluð fyrir Bíldudals- og Patrekshöfn í tengslum við Bláfánann.

Hreinsun strandlengju

Fjöruhreinsun á Rauðasandi í samstarfi við Umhverfisstofnun. Markmiðið er að hreinsa plast og rusl úr fjörunni og með því efla umhverfisvitund þáttakenda. Í kjölfarið verður þeim veiðarfærum sem finnast sett í gám og gefið til sjómanna ef þeir geta endurnýtt hluta af þessum veiðarfærum. til dæmis plast belgi, kúlur og fleira.

Verður auglýst sérstaklega í samvinnu við Umhverfisstofnun.

Fyrir hverja: Sjálfboðaliðar og notendur hafnarinnar

Vísindaferð með börnum

Þjóða upp á ferð skólakrakka á höfnina þar sem nemendur frá fræðslu um lífríki hafsins með

áherslu á þær fisktegundir sem koma að landi á höfninni.

Áætluð er samvinna við fyrirtæki á svæðinu um ferðina þar sem krakkarnir fá að kynna framleiðslu sjávarafurða.

Fyrir hverja: Nemendur á yngsta stigi Patreks- og Bíldudalsskólaskóla.

Fræðsla – Kynningarbæklingur um Bláfána og umhverfi.

Hafnasjóður Vesturbyggðar mun senda öllum bátaeigendum bækling um Bláfánann og markmið hans. Í

bæklingnum verða umgengnisreglur hafnarinnar, flokkun á úrgangi og meðferð spilliefna.

Einnig verður fræðsla um mengun í höfum og þá sérstaklega um plastmengun.

Verður sent til allra bátaeigenda og annarra notenda.

Fyrir hverja: Notendur hafnarinnar